



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 11. ÁRG. 46. TBL. MARS 1984



Guðsríki er sambandsvera, þar sem allir einstaklingar

Jarðstjarnan Satúrnus

og nokkur af tunglum hennar

(Sjá forsiðmynd)

I.

Mjög er furðulegt og áhugavert um að litast í heimi stjarnanna. Þar er hver furðusýnin annarri merkilegri ef vel er að gáð.

Sólhverfi okkar með sól og reikistjörnur er sá hluti geimsins, sem næstur okkur stendur, og sem auðveldast er okkur jarðarmönnum að sjá og rannsaka. Er þar hvert undrið öðru meira og koma æ fleiri í ljós því meir sem tækni til stjörnuathugana fleygir fram. Ég ætla hér að minnast lítillega á einn af fylgihnöttum sólarinnar, Satúrnus, hringi hans sem mjög eru fagrir til að sjá og svo nokkur af tunglum hans.

II.

Satúrnus er önnur stærsta reikistjarna sólhverfisins og er um 120000 km að þvermáli um miðbaug. Hann snýst um sjálfan sig á 10 klst. og 14 mínútum og þessi mikli snúningshraði veldur því að þvermál um miðbaug er allmiklu meira en milli heimsskauta. Satúrnus er 1.427,000 km frá sólu (meðalfjarlægð) eða allt að 10 sinnum fjær henni en jörðin. Í sterkum sjónaukum má sjá að hið mikla skýjabykkni reikistjörnunnar skiptist í mismunandi lit belti, en frá gervihnöttum, sem sendir hafa verið til könnunar út í sólhverfið er hægt að sjá ýmis fleiri einkenni. Til dæmis kemur þá í ljós að vindhraðinn kemst þar alt upp í 1800 km á klst. við miðbaug.

Brautarhraði Satúrnusar um sólina er 9,6 km á sek. eða um það bil einn þriðji hluti af hraða jarðar. Hér er það fjarlægðin sem veldur.

Efnismagn hans er um 95 sinnum meira en jarðarinnar en rúmmálið 755 sinnum meira, og sést á því a eðlisþyngdin er margfalt minni.

Mælt hefur verið að hitastigið við yfirborð skýjabykknsins er um 180° C undir frostmarki.

Frh. á bls. 23.

Dr. Þór Jakobsson, veðurfræðingur:

Líf í alheimi – Jarðarskin

1. grein

1. Lífið er undravert. Það vekur furðu manns í margbreytni sinni – og einfaldleik sínum.

Um daginn var ég á heimleið að loknum svonefndum Hjólreiðadegi, en þá er „hjólað í þágu þeirra sem geta ekki hjólað“. Hjólreiðadagurinn er margþættur fjáröflunardagur á vegum Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Vegna þess að ég hef verið í undirbúningsnefnd dagsins hef ég séð skerf þúsundanna lagðan í einn sjóð, ótal gjafir verða að afli til þeirra hluta sem gera þarf. Ég hef séð stóra hópa fólks af öllum stærðum streyma að á áfangastað á hjólum sínum – þar, sem verður þröng á þingi og margradda kliður. Það er hlegið og glaðst við söng og sýningar á pallinum – torgið iðar af lífi.

Svo líður sá atburðarríki dagur og nú er ég að lokinni aðstoð við frágang á heimleið stutta leið, fótgangandi. Það hafði verið væta þennan dag og þarna er ánamaðkur fyrir framan mig á leið þvert yfir stéttina. Hann þumlungar sig áfram örstutt um leið og ég stika áfram mína leið. Lengri voru ekki okkar „kynni“, en undur voru þetta líka sem bar fyrir augu allrasnökkvast – látlaust, lítið líf, sem gat mjakast áfram um þumlung.

Þannig getur ýmislegt vakið manni undrun, bæði hið flókna og það sem í fljótu bragði virðist einfalt í sniðum. En listin að undrast lífið er gjöful, hún sættir þig við gátur tilverunnar og vanþekkingu þína. Hefur ekki undrunin orðið útundan hjá mannum?

Og nú er mér spurn, hvort eitthvað svipað sé að gerast annars staðar, víðs fjarri yfirborði jarðar, úti í geimnum. Er þar líf, samfélag, fjör, gleði og samúð með öðrum? Leynist þar örsmár þátttakandi í lífinu að þumlunga sig

áfram, alls óvitandi um næsta nágrenni sitt, hvað þá um leiksviðið allt, óravítt?

2. Ingvar Agnarsson ritstjóri Lífgeisla hefur stungið upp á því við mig, að ég segði nokkuð frá þeim rannsóknum vísindamanna undanfarna áratugi, er varða hugmyndir um líf í alheimi. Margt athyglisvert er í þeim bókum sem mér hafa áskotnast og verður mér sönn ánægja að greina frá því lítilla. Það verður gert í þremur stuttum greinum í næstu tölublöðum Lífgeisla. Að þessu sinni verður inn- gangur látinn nægja.

Í bókunum er greint frá vísindalegu þingi um hugsanlegt líf í alheimi, en þingið var haldið árið 1979. Þar er fjallað um upphaf lífsins, lífsskilyrði, þróun æðra lífs í Vetrarbrautinni og leit að tæknimenningu utan jarðar. Í annarri þykkri bók er sagt frá kenningum um líf í ólíkum myndum, á öðrum hnöttum og í geimnum, fjarri jarðhnöttum.

Fræðigrein sú er fjallar um líf í alheimi kallast á er- lendum málum „exobiology“. Hún tók fjörkipp við geim- ferðir til tunglsins og annarra hnatta sólkerfisins. Líf í alheimi er hugleikið lesendum Lífgeisla og mætti þar vænta áhuga á þessum fræðum. Þar er að vísu ekki gert ráð fyrir fjarhrifum – ekki enn a. m. k. En þau víkka eigi að síður sjónhring jarðbundins mannkyns. Þau minna menn á, að í alheiminum muni vera krökt af lífverum á borð við ánamaðka og menn.

Mikil er fjölbreytni lífríkisins hér á okkar litlu jörð. Hversu miklu fjölbreyttara mun þá ekki lífið vera um alla Vetrarbrautina – og alheiminn!

En verðum við ekki risminni sjálf við þessa tilhugsun – þessa staðreynd um líf í alheimi? Í rauninni fer því fjarri: forréttindi þau sem okkur hafa fallið í skaut – að lifna og lifa lífinu – verða að saman skapi meiri og sérstæðari. Við höfum fengið að njóta lífsins. Við erum meðal þeirra sem hlutu vinning í happdrættinu.

Undrumst þetta og njótum tilverunnar.

3. Við tökum þátt í lífi í alheimi. Með þetta fagnaðarefni í huga og fleira, sem smám saman verður sagt frá nánar og víðar, verður á næstu árum haldið áfram að skipuleggja boðgöngu – og siglingu – umhverfis hnöttinn okkar! Nú þegar eru áhugamenn í ýmsum löndum reiðubúnir að safna

liði og vinna hugmyndinni fylgis. Gangan verður einfaldlega lífinu til dýrðar, þekkingunni og framtíðinni. Í boðgöngunni verður farið land úr landi, en á viðkomustöðum verða hátíðahöld, íþróttamót og ráðstefnur af ýmsu tagi, um vísindi, listir o. fl.

Lagt verður af stað frá Þingvöllum um sumarsólstöður 1989, eftir 5 ár, en frá Íslandi verður haldið til Norður-Ameríku og þaðan til meginlands Evrópu, o.s.frv. Boðgangan umhverfis hnöttinn mun taka allmörg ár, sennilega einn til tvo áratugi.

Nú hefur „heimsgangan“, sem á ensku hefur verið nefnd „Earth Shine“ – Jarðarskin –, verið ígrunduð í sex ár og verið kynnt fyrir allmörgum hin síðari ár við góðar og örvandi undirtektir. Meðal góðra ráðgjafa hérlendis hafa verið Ingvar Agnarsson. Bráðum verður hafist handa við skipulagningu og eru menn hvattir til að tala við mig.

Styðjið hugmyndina og segið öðrum frá henni, hér heima og erlendis. Minnum á lífið hér á jörð, en það er ofar öllum kenningum. Undrumst tilveruna og njótum stundarinnar sem okkur er gefin.

Myr

Spekimál úr ljóðum Einars Benediktssonar

(Úr Snorraminni).

Tunga Íslands yrkir sjálf, –
ættar saman hugi tvenna.

Þögult undir hlátri og harmi
hætti telur Braga kyn.

– Dýpsta rót ber hæstan hlyn.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum:

Vikið að efni Lífgeislahefta

I.

Þó að ég sé löngu hættur að koma við sögu félags Nýals-
sinna, þá veitist mér það ævinlega að fylgjast með því sem
„Lífgeislar“, málagn félagsins, flytja. Bárust mér nýlega
fjögur síðustu hefti þessa rits, og vil ég hér fyrst víkja að
frásögn af fjarrænum gestum á kanadískri grund, eftir
Arthur Matthews, í þýðingu Þ. G. Er þar sagt frá dæmi líku
því sem ég tók fyrir allmörgum árum upp úr litlum bækli-
ngi („Ég flaug í geimskipi yfir Drekafljöllin“) og fékk birt í
riti sem var nefnt „Miðgarður“. Tók ég ekki ábyrgð á því
sem þar sagði, því óneitanlega hlaut það að þykja ótrúlegt,
þótt ekki myndist mér það vera neitt óhugsanlegt. Og þótt
segja megji hið sama um frásögn Arthurs Matthews, að hún
sé ótrúleg, og sé jafnvel sumstaðar ekki samkvæm sjálfri
sér – eins og líka Þ. G. tekur fram – þá er í henni eitt sem
gefur alveg sérstaka ástæðu til að ætla að nokkurt mark sé
á henni takandi. En það er, að þessum lengra komnu heims-
sækjendum virðist hafa fundizt jafnvel meiri ógn stafa af
hinni einsteinsku eðlisfræði en af hernaðarbrjálæði stór-
veldanna. En þetta um eðlisfræðina er nú einmitt svo sem
er, þótt menn geri sér það ekki ljóst, og einmitt þess vegna.
Villan er ekki hættuleg nema á meðan menn vita ekki af
henni. Og höfuðvilla hinnar ríkjandi eðlisfræði er, að hin
líflausa geislun ljóss og seguls sé hið hraðfleygasta alls.
Því að hún lokar fremur en allt annað fyrir það, að mann-
kyninu verði bjargað yfir á betri brautir.

Uppgötvun lífgeislunar í alheimi, og þess að hún sé ó-
segjanlega miklu hraðfleygari en geislan ljóss og seguls,
er – eins og fylgjendur Nýals munu gera sér ljóst – það
sem framar öllu mætti bjarga. Og að þannig skyldi líta út,
að hinir lengra komnu heimsækjendur hafi vitað meira um
þetta en Arthur Matthews sjálfur, og allur almenningur,
styður mjög raunveruleik nefndrar frásögu.

II.

Þótt það sé ekki beinlínis í neinu sambandi við efni hinna fjögurra Lífgeislahefta, þá læt ég hér ekki ógert að geta þess, að ég fyrir nokkuð löngu heyrði því mjög ákveðið haldið fram í útvarpserindi, að Jesú frá Nazaret hafi endurlifað og risið upp í sínum frumlífslíkama. Er þetta að vísu samkvæmt því, sem haldið er fram í guðspjöllunum og trúað hefur verið. En eins og ég hef víst áður getið um, þá er þetta í ósamræmi við sjálfar frásögurnar, því þær bera það með sér, að um svip eða líkamningafyrirbæri hafi þarna verið að ræða. Þykir mér ekki ástæða til að trúa þessu endurrísi frumlíkamans fremur en því sem sagt er að gerzt hafi við dauða Jesú á krossinum, að við jarðskjálftann sem þá hafi orðið, svo að björgin hafi klofnað, hafi ýmsir áður látnir helgir menn risið upp úr gröfum sínum og blandast saman við mannfjöldann. En þótt ætla mætti, að merki krossfestingarinnar, sem talað er um á upprisulíkama Jesú, hafi einnig verið óraunveruleg, þá þarf þetta alls ekki að hafa verið svo, og skal hér sagt frá dæmi sem styður hið gagnstæða.

Maður nokkur sem staddur var fjarri æskuheimili sínu, sá þar svip systur sinnar bera fyrir sig, og leit hún þá út eins og hann mundi eftir henni. En eitt var þar þó, sem kom honum á óvænt. En það var stór rispa á annarri kinn hennar. Þegar hann svo nokkru síðar var kominn heim til foreldra sinna, og hafði sagt frá þessari svipsýn sinni ásamt rispunni, brast móðir hans í grát. Sagði hún svo frá því, sem hún hafði þagað um til þessa, að þegar hún hefði verið að búa um lík dóttur sinnar, þar sem hún hafði verið lögð til „hinztu hvíldar“ – eins og stundum er að orði komizt – þá hefði hún óviljandi rispað kinn líksins, og ekki getað falið það með púðum, né á neinn annan hátt.

III.

Vegna frásagnar Ingvars Agnarssonar um gljúfrið mikla, rifjaðist upp fyrir mér, að maður nokkur, ÞórirBaldvinson, teiknistjóri hjá Búnaðarbankanum, sagði mér fyrir löngu eftirtektarverðan draum sinn. Sagðist Þórir þó áður hafa séð með eigin augum stórkostlegasta árgljúfur þessarar jarðar (Grand Canyon). En árgljúfur sem borið hefði

fyrir sig í draumi þessum, hefði verið mjög miklum mun stórkostlegra. Þóttist hann í svefninum vera staddur á barmi þessa gljúfurs, og að þar hefði verið einhver háfjalla-gróður, grænbrunn að lit. Sagði Þórir mér þetta til stuðnings skilningi Helga Pjeturss á sambandseðli draumanna, og man ég nú ekki eftir að hafa getið um þetta á prenti fyrr. En þó um seinan sé – því að frásögn Þóris man ég líklega ekki eins vel núna og þegar ég heyrði hann segja hana fyrir einum þrjátíu árum, þá kynni að vera betra en ekki að segja frá henni nú.

Að endingu vil ég þakka Gunnari Hjörvar fyrir upptökur hans á sumu því sem talast hefur á sambandsfundum hjá Sveini Haraldssyni. Er þar ekki sízt það, sem komið hefur fram um ágæti hins íslenzka máls og nauðsyn verndar þess og vöndunar. Gremst mér oft að sjá og heyra í dagblöðum og útvarpi, hve þar skortir stundum á að vel sé. Og skal ég geta þess sjálfum mér til lofs, að maður nokkur sem nýlega kom til mín í lítilli efnisleit fyrir hljóðvarp, spurði mig að því hvort ég teldi gott mál hafa mikla þýðingu fyrir rétta hugsun og góða heimspeki. Þóttist hann finna þetta á því sem ég sagði við hann á þeirri örstuttu stundu, sem við skiptumst á orðum. Og þetta virðist mér koma svo lofsamlega fram í vali Gunnars á því sem hann tekur upp. – Mér skilst, að hugsun sem ekki hefur verið orðuð, sé ekki orðin til, og ætti þá að vera auðskiljanlegt, að mikið sé undir því komið, að vel sé orðað. Gott mál og vandað kallar á rétta hugsun á sama hátt og rétt hugsun og góð kallar á það.

Ingvar Agnarsson:

Um vistaskipti milli framlífshnatta

I.

Í tveim þáttum í Lífgeislum nr. 35 og nr. 43 um frásögn í **Dagbók að handan** hef ég nokkuð leitast við að draga fram og skýra fyrstu lífsreynslu Arabíu-Lawrence eftir að hann fluttist á aðra jarðstjörnu.

Í öðru lagi hef ég tekið upp nokkra kafla bókarinnar, sem lýsa því á sannfærandi hátt, að verið er að segja frá líkamlegu lífi á öðrum hnetti.

Í þriðja lagi ætla ég enn að tilfæra nokkur atriði bókarinnar, sem mér finnst vera mjög athyglisverð, t. d. lýsingu á því fyrirbæri, þegar maður hefur dvalið sér til þroska á framlífshnetti, svo lengi, að komið er að flutningi til annars hnattar, þar sem umskipti verða mjög uppávið, og auðvitað án þess að um dauða sé að ræða eða beinan aðskilnað við eftirlifandi vini á fyrri staðnum, því sambönd halda enn áfram milli vina að lífgeislaleiðum, þótt heima eigi sinn á hvorum hnettinum.

II.

Lawrence er í umsjón góðra vina og stjórnaenda, eftir að hann hefur hafið hina erfiðu sókn upp á við, í átt til ljóss og sigra. Mitchell er enn hið mikla hald hans og traust. Hann ráðleggur honum ýmist eða segir honum til syndanna, til að koma honum úr því ömurlega ástandi, sem hann hafði sjálfur skapað sér, með líferni sínu á jörðinni. Smátt og smátt tekst honum að draga úr ofsafenginni skaphöfn sinni og óæskileg útgeislan hans fer að verða öðrum þolanleg, svo að þeir þurfi ekki að flýja hann, eins og fyrst, þegar í hann hljóp hinn óviðráðanlegi ofsi.

Stundum varð hann að þola niðurlægingu slíka, að honum fanst hann sjálfur vera „ömurleg skopstæling á því, sem hann hefði getað orðið“. Þrátt fyrir þetta, eða einmitt fyrir þessar aðgerðir hjálpenda hans, fanst honum hann samt

öðlast „nýja göfgi og sannari einlægni en hann hafði áður þekkt“. Hann skildi að „með þessum og þvílíkum ráðum var Mitchell að ryðja brott, hreinsa myrkrið í mínu innra sjálf, myrkrið, sem ég aldrei vissi um á jörðinni, en braut þó niður hinn ósanna persónuleika, er svo lengi og á svo kvalafullan hátt hafði orðið til í jarðlífi mínu“.

Síðar segir hann:

„Eftir því sem þroski minn vex, hef ég endurheimt sjálfstraust mitt og gleðin og gamansemin hefur aftur og aftur brotist fram. Ég er farinn að kynnast þeirri hamingju, sem unnt er að njóta hér. Hún er fólgin í hreinu, göfugu og heillandi lífi, svo háleitu og fögru, að jarðnesk meðvitund getur aldrei ímyndað sér neitt þvílíkt“.

Eins og frá sagði í fyrsta kafla þessarar samantektar minnar, varð Lawrence að líða mikið, vegna óæskilegs líferniss á jörðinni og mikið varð hann að taka út á sjálfum sér, líkamlega og sálarlega, lengi eftir að hafa komist úr myrkri til ljóss, og má vel skilja, að enginn getur sloppið við afleiðingar gerða sinna, jafnvel þótt komið sé á sanna framfaraleið á lífstefnuhnetti og er þar einhver besta skilningsundirstaðan sú sem fá má í framlífssögu Frímanss eftir að hann flutti á aðra jörð ásamt skýringum dr. Helga Pjeturss. (Sjá Sannýal, bls. 46–106).

Oft er minnst á, í framlíflýsingu Lawrence hvernig fólk eins og hópast saman eftir dauðann samkvæmt tilhneig-ingum sínum og innræti: Illmenni saman, göfugmenni saman o. s. frv. og er þar að finna hvernig slíkt fólk eins og dregst hvert að öðru og sambönd þess styrkjast og samstillast til góðs eða illis, eftir því sem menn hafa til stofnað með jarðlífi sínu. Segir svo á einum stað bókarinnar:

„Hið geðstirða, illgjarna, ruddalega og afbrýðis-sama fólk verður skilyrðislaust að safnast saman á sinn eigin stað, því að andrúmsloftið, sem það myndar umhverfis sig, er öðrum óþolandi og sjálf getur það ekki þolað fingerðara umhverfi á hærri sviðum. Menn læknast smám saman af þessari andlegu vanheilsu, og þegar þeir eru orðnir heilbrigðir, geta þeir skipt um til hins betra og er leyft að fara inn á hærri svið“.

Augljóst er að hinn framliðni er hér að reyna til að koma boðum til lesenda bókarinnar, um að varast þær hættur framlífsins, sem menn sjálfir búa sér með rangsnúnu hugarfari og líferni á jörðinni.

Hann segir þá líka enn til hughreystingar, og til að sýna að engum er ætlað til eilíðar að búa við hin aumlegustu lífsskilyrði, þótt þeir hafi margt af sér brotið:

„Leiðin upp á við er alltaf opin og þar eru fúsar hendur, sem vilja hjálpa og uppörva hvern þann, er ætlar sér að ganga þá braut“.

Og víst er um það, að tilgangur lífsins er sá, að allir komist á leiðina fram, hversu mikið sem þeir hafa af sér brotið.

Tilvera helheima (þar sem þjáðst er og dáíð) er andstæða hinna sönnu lífheima, þ. e. hnatta á framfaraleið og eru þeir mesta hindrun hinna lengra komnu, að ná sínu marki, sem er að ná tókum á öllum öflum tilverunnar.

Á enn öðrum stað segir svo:

„Þannig verður hver og einn að leita síns rétta staðar og dveljast þar kyrr, uns þróunin beinir honum upp á hærri svið“.

Víst má telja, að þeim sem lent hafa á ömurlegum stöðum eftir líkamsdauðann, verður ekki þaðan bjargað, nema með því að þeir þiggi þá hjálp, sem svo mjög er til þeirra beint frá æðri stöðum tilverunnar.

Í kafla sem nefndur er því sérkennilega nafni „Ævintýri í hugheimi“, en er raunar ekki frásögn af hugheimi guðspekinga, heldur frásögn af framlífi á öðrum hnetti, segir svo:

„Ég var nú farinn að hafa skýrari hugmynd um alla þróunarleiðina, sem menn ganga til þess að ná fullkominarmarki sínu. . . . Fyrst fá menn vitneskju um það, að lífið er í rauninni ótortímanlegt, þá öðlast menn örugga reynslu um, að sérhver sál hlýtur að lenda á þeim stað, sem henni ber, en að lokum verður mönnum ljóst, að enginn maður er fordæmdur, enda þótt illar hvatir hafi afskræmt hann, því að hann getur frelsast

frá hinu illa með áreynslu og þjáningu og náð hæsta þroskastigi, sem hann hefur hæfileika til“.

Á öðrum stað talar Lawrence um fjarsambönd:

„Þrátt fyrir það, að enginn væri líkamlega nálægt öðrum, var sambandið fullkomið, beinlínis vegna þess, hve andlegur skyldleiki var mikill. . . . Í þessum hópi var einn, sem dvaldist á jörðinni, tveir voru af þessu tilverustigi, en einn frá hærra sviði“.

Hér er hann að segja frá sambandi sínu við menn, sem heima eiga á þrem hnöttum, þótt ekki takist honum að koma því fram hjá ritaranum á annan hátt en þann, að tala um mismunandi „svið“ og mun þá reyndar ýmsum lesendum verða á, að hugsa sér hin *hugrænu svið* guðspekinga, sem svo mikið er talað um í þeirra fræðum.

Lawrence talar um að í jarðlífinu hafi hann öðlast lítinn og ólögulegan líkama vegna slyss í æsku sem dregið hafði úr sjálfsáliti sínu og fyllt sig vanmáttartilfinningu gagnvart öðrum. Hér segist hann hafa náð eðlilegri stærð og líkamsfegurð að sama skapi, stæltan líkama o. s. frv. Svo finnur hann að þroski hans stefnir til þess, að verða eða staðnæmast eins og á vissu aldurstigi. Hann segir:

„Í rauninni hef ég náð jafnvægi um 28 ára aldur og er þakklátur fyrir að fá að dvelja á þeim aldri áfram. Ég er ungur og hef til að bera þrótt og ákafa, sem hæfir augljóslega mínum raunverulega aldri. Nú get ég varla hugsað mér að verða eldri“.

Hann er ákaflega glaður yfir lífinu, sem hann er farinn að lifa í sínu nýja heimkynni:

„Þetta frelsi, þessi fullnæging, þetta unaðslega líf gerir mig barmafullan af starfsgleði, dýpri en ég hef nokkru sinni áður kynnst“.

III.

Lawrence talar stundum um sambönd sín við æðri „svið“, þ. e. mannkyn á framfaraleið, lengra komin en þar sem hann er nú:

„Ég hef gripið til míns gamla vana að ná hugrænu sambandi viðverur á öðrum tilverusviðum og fá hjá þeim sönnun á þeirri þróun, sem ég tel liggja að baki þessa alls“.

Hann segir um einn vina sinna:

„Ingram hefur ekki ennþá náð því marki að hitta og tala við verur af öðrum sviðum en sínu eigin og í fyrstu var hann vantrúaður, en ég hef boðið honum að sitja hjá mér og hann ber fram sínar eigin spurningar við þær vitsmunaverur, sem við náum sambandi við. Svör þeirra hafa sannfært hann um þekkingu þeirra og visku, sem stendur hæfileikum okkar miklu framár“.

Lawrence hafði heyrt um mann einn á sínu „sviði“, mann, sem bráðlega mundi flytjast yfir á annað „svið“ fullkomnara. Og hann fær mikla löngun til að kynnst þessum manni og þeim atburðum, sem hann á í vændum. Og Lawrence leitast sér upplýsinga um þennan mann hjá einum vina sinna eða kunningja:

„Ég þekki þennan mann“, sagði Ingram, viðmælandi hans. „Hann heldur stundum fyrirlestra í háskólanum. Mér ber að virða mjög allar hans niðurstöður“.

„Er nokkur leið að hitta hann?“ spurði ég Ingram.

„Ég býst við, að það sé erfitt“, svaraði hann. „Hann starfar ekki við háskóladeildina, en kemur frá herra menntasetri“.

En Lawrence tekst að komast í samband við þennan áhugaverða mann, sem hann kallar dr. G.

IV.

Merkilegu fyrirbæri er síðan lýst í **Dagbók að handan**. En það er brottför þessa manns, dr. G. af framlífshnetti sínum til annars fullkomnari, og nokkur tildrög til þess flutnings.

Lawrence hefur komist í samband við manninn, sem hann hafði heyrt um að bráðlega mundi hverfa upp á herra „tilverusvið“, þ. e. til annars hnattar og langar til að kynnst nánar þessu fyrirbæri. Þeir talast við. Lawrence segir við hann:

„Þegar þú talar um breytingu þá, sem þú finnur að í vændum er, er þá um að ræða breytingu á sjálfum þér, eða eru þetta einungis skipti á stað og starfi?“

Svar: „Ég held og vona, að um hvort tveggja sé að ræða“, svaraði hann. „Ég er að verða gamall í þessum líkama, og mun hann bráðlega hafa lokið hlutverki sínu. Þá mun ég halda áfram að rannsaka þennan dásamlega heim á öðru sviði“.

Hér er hann að tala um flutning frá einum hnetti til annars, og gerir ráð fyrir að geta haldið áfram að rannsaka efnisheiminn á þeim hnetti.

Lawrence: „Er þetta þá eins konar annar dauði, sem ég hef heyrt getið um?“

Svar: „Já, þú getur auðvitað kallað það því nafni“, svaraði hann, „en ég hef ekki hugmynd um, hvenær þetta gerist, svo að við skulum ekki segja meira um það. Ég hef elskað þennan stað og þetta fólk, og erfitt mun verða að yfirgefa það, en hér er ekki um neinn raunverulegan skilnað að ræða, því að ég held sambandi við það“.

Lawrence heldur áfram hugleiðingum sínum um þessi væntanlegu umskipti eða flutning:

„Ég hafði heyrt talað um „annan dauða“ og umskipti yfir á næsta tilverusvið, en minn eigin þroski var ennþá svo ófullkominn, að ég hafði ekki hugsað alvarlega um þetta. Nú bendir allt til þess, að ég öðlist þau forréttindi að fylgjast með, þegar þessi atburður kemur fyrir annan mann. Meðal okkar geta menn komið og farið. Hærri tilverusvið standa opin að vissu marki, og ég vissi, að dr. G. mundi standa við orð sín. Þessi innbyrðis skipti stefna að mestu leyti í eina og sömu áttina. Enda þótt fólk af hærri sviðum geti komið aftur niður á lægri sviðin með því móti að missa talsvert af ljósmagni og hröðum viðbrögðum líkamans, þá eiga verur af lægri sviðum ekki auðvelt með að þola umhverfið á hærri sviðunum, fyrr en breytingar þær á líkamsbyggingu, er dr. G. skírskotar til, koma fram“.

... „Þegar núverandi líkamar okkar hafa lokið hlutverki sínu og eru orðnir útslitnir, þá brýst ljómi frá hinni væntanlegu og fullkomnari líkamsmynd gegnum hana, og smám saman hefst myndbreyting, sem lýkur með tímabundnu vitundarleysi, en síðan vakna menn aftur á hærra tilverusviði. Ég hef brennandi áhuga á þessum umskiptum og hef beðið dr. G. að leyfa mér að fylgjast með þeim eins vel og unnt er. Er ég bar fram þessa bón, leit hann á mig, efablandinn á svip. Uppástunga mín bar keim af óþolinmæði, ég baðst í flýti afsökunar og afturkallaði bón mína. En hann hefur endurvakið traust mitt og beðið mig að koma og hitta nákomna vini sína. Það hef ég gert og verið boðinn velkominn inn í útvalinn innsta hring manna og kvenna, er telur dr. G. forystumann sinn og leiðtoga og elskar hann einnig sem mann“.

„Aldrei er talað um skilnað okkar á meðal. Við vitum, að í mannlegum og jarðneskum skilningum kemur slíkt okkur lítt við. Hinar yndislegu breytingar, sem við sjáum koma í ljós á vini okkar, valda engri sorg, heldur aðeins djúpri gleði. Hann heldur áfram sínu venjulega starfi meðal stúdentanna og er vinum sínum alltaf til reiðu, en við tókum eftir því, að líf hans stefnir stöðugt að bjartari innri fegurð. Er þetta líkast því, að ljósið og ylurinn, sem venjulega streymir frá honum, vinum hans til blessunar, hafi dregið sig í hlé og safnast hið innra með honum, svo að þessi yfirljómun geislar í gegn og eyðir öllum ytri andlitsdráttum hans“.

Hér hefur Lawrence verið að lýsa allnákvæmlega öllum aðdraganda að brottför mikilhæfs vinar af einu „sviði“ á annað hærra, þ. e. undirbúningi að flutningi þroskaðs manns frá heimahnetti sínum, sem lengi hafði verið hans framlífsjörð, yfir til annars hnattar, þar sem enn betur stefndi og þar sem lífið allt var þroskaðra og samstilltara. Hann hafði með lífernir sínu á fyrsta framlífshnetti sínum áunnið sér þann þroska, er gerði honum kleift að flytja alfarinn til annarrar stjörnu, með enn þróaðra lífi og sem ætti enn betur við þann lífsþroska, sem honum hafði þegar tekist að öðlast. Á framlífsstjörnum, þar sem lífstefnan

ræður, eiga slíkir flutningar sér tímabundinn aðdraganda, sem allir samstarfsmenn verða greinilega varir við. Af slíkum stafar meiri ljómi en áður, því hin geislandi magnan frá stjörnunni sem hann mun flytja til og frá íbúum hennar, nær að gagntaka hann og uppljóma, svo að hann kemst í rauninni í annað ástand, sem líkist því er verða mun, eftir flutninginn.

Í tilvitnaðri frásögn um undirbúning brottflutningsins, örlar ekki eða varla á þeim misskilningi bókarinnar að um sé að ræða geðlíf í einhverjum geðheimi, efnislausum og tímalausum, því hér er lýst berum orðum líkamlegu lífi og efnislegu ástandi mannsins, sem er að því kominn að flytja til annarrar stjörnu.

Er þá komið að því atriði bókarinnar sem segir frá sjálfri umbreytingunni og flutningnum:

„Endalokin komu skyndilega. Ég kallaði á hann og var sagt, að hann væri sofandi. Við stóðum umhverfis hann og virtum fyrir okkur hinn kyrra líkama hans og ljósið, sem óx og minnkaði til skiptis. Á einu andartaki komu umskiptin. Ljósið safnaðist saman og myndaði svo sterkt, ákaft og innilegt hugsanagervi, að við gripum andann á lofti og snerum okkur undan. Síðan hvarf allt og aðeins var eftir svipur vinar okkar, er eyddist og máðist út að okkur ásjáandi“.

Ég mun ekki hafa lesið á öðrum stað í framlíflýsingu greinilegri frásögn af flutningi manns af einum frumlífs-hnetti á annan betri, þar sem hann hefur unnið sér vist, með líferni sínu á fyrri staðnum. Þarna er í raun um hamfarir að ræða. Líkaminn, sem þarna var verið að lýsa, leystist upp (afefnaðist, dematerialiseraðist) og hvarf, en á samri stundu hefur maðurinn komið fram á annarri jarðstjörnu, þar sem honum er staður búinn. Þar endurskapast líkaminn (efnast, materialiserast), verður sem hann áður var, með þeim breytingum þó, sem gefur til kynna meiri fegurð, vit og þroska. Aflsvæði mannsins (Entelekían) hefur flutt af einni jörð á aðra, frá einu aflsvæði til annars, sterkara og samstilltara. Þetta er í raun hliðstæða þess, sem gerist við hvert dauðsfall hér á jörðu: Einstaklingsaflsvæði mannsins losnar úr böndum líkamans og kemur samstundis fram á

líkum en samstilltari stað á annarri jarðstjörnu, sem verður honum heimkynni fram á leið, þar til aftur liður að flutningi til nýs staðar, sem kominn er enn lengra á þroskabraut en sá fyrri.

Þar sem rétt er lifað verður ekki dáið aftur. Þar verður um flutning að ræða án dauða og raunar til æ fullkomnari lífstjarna, eftir því hvernig hverjum einum tekst að fíkra sig upp þroskastigann, í átt til meira lífs og ljóss á æ fegri og fullkomnari framlífsstjörnum. Allur heimurinn liggur fyrir fótum okkar, og það er tilgangurinn með lífi okkar að sigrast á öllum heiminum, erfiðleikum hans og andstæðum. Fyrr er ekki fullkominn alheimur, en lifinu hefur tekist að notfæra sér alla möguleika hans og sigrast á öllum ofullkomleika hans, bæði í formi efnis og lífs.

Skal nú haldið áfram þar sem frá var horfið. Dr. G. var þeim horfinn að fullu, rétt eins og hann hefði horfið ut í geiminn án þess að láta eftir sig nein merki:

„Við sátum eftir þögulir, bergnumdir af fegurð og tign umskiptanna.

Hvílíkur reginmunur, eða að horfa upp á dauðastrið og andlát vina okkar hér.

„Löng stund leið, áður en nokkur rauf þögnina og þá sagði einhver: „Ég hef heyrt, að sál mannsins þurfi talsverðan tíma til þess að venjast hinum nýju skilýrðum, alveg eins og við þörfnumsi tíma til að laga okkur eftir umhverfinu, þegar við fyrst komum hingað. Við skulum því ekki búast við vini okkar að sinni. Eg geri ráð fyrir, að við munum hittast hér aftur að nokkrum tíma liðnum og megum þá vonast eftir komu hans“.

Ekki geri ég ráð fyrir að rétt sé, það sem þarna kemur fram, að langan tíma muni taka að jafna sig fyrir mann, sem flytur af framfarajörð á aðra enn fullkomnari. Hann er í raun búinn að kynnast hinum nýja framlífsbustað sínum, með sýnum og heimsóknum og með nanu sambandi við íbúana þar. Þeir hafa undirbúið hann til flutningsins. Hann veit alveg hvað í vændum er, og í því sambandi fyllist hann gleði og fögnuði. — En hann mun eiga eftir að hafa nain sambönd við vini sína og eftirlifendur á jörðinni, sem frá

var flutt. Samgöngur milli slíkra hnatta munu vera margfalt auðveldari og meira iðkaðar, en nokkrir möguleikar eru á hjá okkur, meðan hér stefnir í þá ófæru sem framundan er.

Sambönd okkar við lengra komna stjarnbúa annarsstaðar í geimi, og sú efling lífs, er þaðan mætti hljóta, er sú frumnauðsyn sem líf mannkyns okkar veltur á.

Nú segir Lawrence frá því er vinur hans, Dr. G., kom í heimsókn frá þeirri lífstjörnu, sem hann nýlega var fluttur til:

*„Dr. G. stóð við loford sitt um að koma til okkar, en hann birtist, þegar við áttum hans sist von. Við sátum fáeinir og spjölluðum saman í mestu makindum, þegar rödd hans tók skyndilega að tala í líkingum, og er við litum upp, varð okkur hverft við. Við sáum útlínur myndar, sem bráðlega kom öll greinilega í ljós og varð að efni, (! I. A.) og þarna var hann aftur mitt á meðal okkar. Hann flutti með sér háþroskað andrúmsloft og okkur fannst návist hans eins og andleg skírn“. . . .
„Hann dvaldi aðeins skamma hríð hjá okkur, gerði kunnuglegar athugasemdir um hina „gráu þoku“, sem við kysum að lifa í og yfirgaf okkur síðan aftur“.*

Hér er góð lýsing á því fyrirbæri, er gestur frá öflugum framlífshnetti kemur í heimsókn til þess hnattar er hann hafði flutt frá. Minnir þetta nokkuð á frásögn bibliunnar af því er Jesús birtist óvænt meðal lærisveina sinna, eftir dauða sinn. Einnig er auðsæ líkingin við framkomu líkamninga á miðilsfundum, svo sem oft hefur gerst á okkar jörð.

Framliðnir reyna mjög að koma fram réttum skilningi á ástandi og eðli lífsins, eftir að héðan er flutt, og bókin: **Dagbók að handan**, mun nú einmitt vera ein af slíkum tilraunum til að koma fram einhverju broti sannleikans, um lífið eftir dauðann og hvers vænta mætti af sambandi við framliðna, ef rétt væri skilið og rétt á málum haldið að öðru leyti.

Þorsteinn Guðjónsson:

Stuðningur góðra vina

Ekki má það lengur dragast að ég láti í ljós þakklæti mitt til góðra manna, úr röðum Nýalssinna, fyrir stuðning sem þeir hafa veitt mér á liðnum árum og gert mér þannig kleift að gefa út bækur nokkrar, sem annars hefðu ekki komið fyrir augu lesenda – en þessar bækur hafa allar verið tengdar hinu nýalska málefni á einn eða annan hátt. Ekki er því að neita að margs góðs er að minnast úr þessari sögu, en þó ætla ég fyrst að minnast á vandamál mitt af öðru tagi (um 1969), nefnilega peningavandræði í sambandi við húsbyggingu, en slík vandræði þekkja víst margir af eigin raun. Ég var að byggja og múrarinn segir við mig: „Pantaðu kalk og sement“. Ég átti fyrir sendibílnum og ekki eyri þar framyfir og allir sjóðir þrotnir. Og þó pantaði ég sementið. Var ekki laust við að ég kviði dálítið fyrir því að billinn kæmi. Ég var handlangari hjá múrara mínum og hafði fram að þessu getað staðið mig með greiðslur. – Kemur þá ekki Ingvar Agnarsson á bíl sínum, stígur út og fer að tala um góða veðrið og útsýnið. Inn í þetta fléttar hann svo, eins og algeru aukaatriði, hvort mig vanti ekki peninga. – Ég gat ekki neitað því, að helzt til lítið væri af þeim þennan daginn. „Hvað viltu mikið? Fjögur þúsund? Hér eru þau, vantar þig meira?“ Ég afþakkaði það. Rétt á eftir kemur sendibíllinn og ég borga 4000 kr. fyrir kalk og sement, og vinnan hélt áfram. – En þetta atvik varð mér til framdráttar á fleiri en einn hátt. 2–3 vikum síðar var fundur í félagsstjórn Nýalssinna, og man ég þá eftir láninu og segi við Ingvar: „Það er rétt, þú lánaðir mér peninga“, og rek í hann 4000 krónur, enda þótt hann þættist ekkert muna. Mér hafði áskotnast eitthvað á milli. En það fann ég að Sigurður heitinn Ólafsson tók vel eftir þessu, og kunni vel að meta, að ég gekk eftir því að fá að borga skuld mína.

Og þá er komið að aðalefninu, sem er bókaútgáfa mín árin 1974–’82. Fyrstu bók mína „Líf er á öðrum stjörnum“ (1974) styrkti Ingvar þannig, að ég þurfti ekkert að borga

sjálfur. Mig minnir að Benedikt Björnsson, sem þá var formaður Nýalssinna, legði einnig fram nokkra upphæð. Að minnsta kosti taldi ég hann alltaf til stuðningsmanna með sjálfum mér og einnig formanninn þar á undan, Kjartan Kjartansson, enda þótt hann legði ekkert fram. Bókin seldist þó nokkuð vel og lagði ég það allt í sérstakan sjóð með furðu góðri reglusemi. En meðal þess fyrsta sem ég gerði, þegar bókin var komin út var að fara með eintak til Sigurðar F. Ólafssonar í Fálkanum. Ég hitti hann á skrifstofu hans. „Bíddu hægur“, sagði Sigurður, gekk frá og kom aftur með 50.000 krónur, og þannig komst ég að ritlaunum í fyrsta og sennilega síðasta skipti á ævinni. Sigurður sagði, að nú gæti ég farið til Kanada og hitt gömlu Nýalssinnana þar, en hann vissi um bréfaskipti mín þangað. Ég fór þangað og reyndar þó meir til Kaliforníu, en þar hafði vísindamaður boðið mér til sín.

Næsta verk var „Astrobiology“ – á ensku máli (1976) – og var það miklum mun dýrara og fyrirhafnarmeira en „Líf er á öðrum stjörnum“, enda þurfti nú mikils við. Gerða talaði við Guðmund á Klafastöðum, og voru undirtektir hans hinar beztu – með því skilyrði þó að þegar þessi útgáfa hefði borgað sig, skyldi endurgreiðslunni varið til að gefa út rit Þorsteins Jónssonar. Hér vil ég geta þeirra, sem lögðu fram beinan fjárstuðning til þeirrar útgáfu. Það gerðist að sjálfsgöðu allt á vegum einstaklinga, en við komum okkur saman um að kalla þetta Lífgeislaútgáfuna:

Guðmundur Þorsteinsson, Klafastöðum lagði fram 500.000 (gamlar).

Aðrir sem lögðu fram voru:

Ingvar Agnarsson

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum

Páll Björnsson á Fagurhólsmýri.

Sveinn Haraldsson

Daníel Ingi Pétursson

– allir ríflegar upphæðir.

Síðar bættust þessir við (kostnaður við auglýsingar og annað erlendis var alltaf mun meiri en það sem inn kom):

Ásmundur Guðbjörnsson

Þorbjörn Ásgeirsson (lagði til eignir Félags Nýals-
sinna á Akureyri, þegar það hætti starfsemi sinni).
Magnús Sigurðsson og fjölskylda, Grafarbakka,
Árnessýslu.

Meðal stuðningsmanna ber tvímælalaust einnig að
nefna Jóhönnu Guðnadóttur, San Francisco, sem af
miklum dugnaði og við erfiðar aðstæður hefur starfað
að því að koma Astrobiology inn á þarlandan bóka-
markað og nú einnig Dreams are the Key to the
Cosmos.

Vera má að einhverjir fleiri hafi lagt fram meira en
venjulegt, aðallega þá með því að selja nokkur eintök, en
fjölmargir voru þeir sem á þann hátt lögðu lið. – Eins og ég
gat um var tilkostnaður mikill, bæði við útgáfu og dreif-
ingu, en þegar eitthvað fór að reytast inn, lagði ég það í
sérstakan sjóð, enda fór svo að fljótlega skapaðist þörf
fyrir hann.

Haustið 1978 fékk ég í hendur bókina Guðirnir á Síríusi á
frummálinu og í framhaldi af því kom einhver beztí starfs-
tími á ævi minni. Á þremur mánuðum kom ég því í verk –
utan venjulegs vinnutíma – að þýða bókina, tugi eða
hundruð nýyrða varð að smíða og heimspekimálið var vand-
meðfarið – að koma henni í gegnum prentsmiðju og bók-
band með öllu því starfi, sem þar til heyrir og sjá fyrir
dreifingu og auglýsingum. En „nú var öld snúin“ og átti ég í
miklum örðugleikum með að koma bókinni í sölu, eða rétt-
ara sagt það tókst alls ekki því að „kerfið“ vildi ekki, að
svona bók væri til sölu. En mikið þakklæti hef ég fengið frá
einstökum lesendum fyrir þessa bók, og smám saman hefur
hún reytzt út. En þetta er reyndar sönnun þess, að það fer
minnst eftir smekk lesenda hvað er keypt og lesið. Digrir
valdafingur ráða þar mestu. Nú voru bækur orðnar þrjár
og alltaf náðist eitthvað inn, og var lagt í sjóð.

Næst var það „Málþing Íslendinga“ (1979) sem til útgáfu
kom, og enn var stuðzt við það sem safnazt hafði, en Páll
Björnsson á Fagurhólsmýri og fleiri bættu einhverju við.
En mest tók ég af peningum heimilis og fjölskyldu. Það sé

ég á skráum að Húsafellsbræður: Magnús og Kristleifur hafa orðið mér drjúgir í sólunni, en þeir keyptu af mér nokkra tugi bóka og seldu þær svo sjálfir. Einnig voru hjónin Svava og Halldór á Grenigrund 2 í Kópavogi mér mjög hjálpleg á líkan hátt, Þorbjörn Ásgeirsson á Akureyri og ýmsir aðrir. Málþingið tel ég hafa verið allþarft rit, en sala þess var nær engin í bókabúðum. Þjóðlífið var farið að dofna svo, að ekkert rúm virtist nokkursstaðar fyrir ærlega hugsun. Málþingið varð okkur hjónum allmikill baggi, og ég hét því með sjálfum mér að láta hér staðar numið. En það fór þó á aðra leið.

Haustið 1982 kom hingað ungur ensk-ástralskur bóka-sölumaður, John Alexander að nafni ásamt fylgikonu sinni, Laylu, og hvöttu þau okkur eindregið til að gefa út nýja bók á ensku máli þar sem draumafræðin væri aðalkjarninn. Auðveldara væri að selja bók, sem væri hægt að flokka undir eitthvað sérstakt, eins og til dæmis rannsóknarefnið drauma. Þessu kalli hlýddum við og um áramótin 1982–'83 sá dagsins ljós bókin: *Dreams are the Key to the Cosmos* („Draumar eru lykill að alheimi“ eða „Draumar vísa leið til stjarnanna“). Fyrir þá bók hef ég fengið meiri viðurkenningu erlendis en mig hafði órað fyrir að orðið gæti. Það er að segja hjá einstökum lesendum og rithöfundum sem getið hafa bókarinnar. Útbreiðsla er enn lítil, og tilkostnaður mikill, en þó eru hinar skemmtilegu undirtektir góðra manna mér mikils virði. En nú held ég líka að ég sé alveg hættur því að gefa út á eigin kostnað, nokkuð sem heitir.

Sá sem lengst og bezt og dyggilegast hefur stutt mig í þessari útgáfustarfsemi – ásamt því að gefa út Lífgeisla fyrir félag Nýalssinna – heitir Ingvar Agnarsson, og þarf ekki fleira um það að segja. En það vona ég að hlutur þeirra sem stórtækastir hafa verið aðrir, komi að nokkru fram í ofanritaðri grein og upptalningum hennar.

Smátímaritið „Interstellar Communication“ sem ég gaf út á ensku árin 1966–1973 styrkti Sigurður F. Ólafsson af miklum skörungsskap, svo að það varð mér aldrei fjárhagslegur baggi umfram vinnuna sem ég lagði í það.

24. júní 1984

Jarðstjarnan Satúrnus

og nokkur af tunglum hennar

Frh. af bls. 2.

III.

Eitt það, sem einkennir Satúrnus sérstaklega frá öðrum jarðstjörnum eru hringir þeir sem liggja umhverfis hann miðjan, og veldur því að hann er fegurri á að sjá, héðan frá jörðu en aðrar reikistjörnur. Frá jörðunni er hægt að sjá þrjá hringi um 70000 km breiða alls og um 10 km á þykkt, en frá gervihnöttum (Voyagers) má greina að hér er í raun um að ræða þúsundir af mjóum hringum.

Vitað var um 9 tungl sem gengju á brautum um Satúrnus en nú er vitað með vissu um 17, en álitid, að þau kunni að vera enn fleiri. Stærst þessara tungla er **Titan** (5150 km í þvermál) og það er eina tunglið innan sólhverfisins sem vitað er um að hafi gufuhvolf.

Sex önnur af tunglum Satúrnusar eru meira en 400 km í þvermál, en önnur minni.

Eitt þessarar tungla, Iapetus, hefur ávallt verið mönnum ráðgáta, vegna þess, að önnur hlið þess er hvít sem snjór en hin hliðin er nærri svört. Boð frá gervitunglum hafa ekki getað fundið orsakir fyrir þessu.

Mörgum af tunglum Satúrnusar hafa verið gefin nöfn, hér eru nokkur: **Janus, Tethys, Dione, Enceladus, Mimas, Hyperion, Titan, Rhea, Iapetus, Phoebus.**

Titan fannst árið 1655, Iapetus árið 1671, Rhea árið 1672, Dione og Tethys árið 1684 en önnur síðar. Þessi tungl eru líka björtust, þetta fra 8,4 til 10,3 birtustig.

Ingvar Agnarsson.

Forsíðumyndin sýnir Satúrnus ásamt nokkrum af stærstu tunglum hans: Mimas, Tethys, Dione (hið stærsta á myndinni, í forgrunni) og Rhea.

Myndin er fengin úr Astronomy frá Nature Library.

Álfakóngurinn

eftir Goethe

Hver ríður svo ört yfir ís og hjarn
um aftan síðla? Faðir með barn.
Hann heldur á drengnum í faðmi fast,
Því frost er mikið og veður hvast.

„Hví ertu, barn mitt, að byrgja þig?“
„Það ber nokkuð undarlegt fyrir mig:
sko álfakónginn með krónu og skart“.
„Þar kvikar, son minn, norðljós bjart“.

„Sjá, barn mitt, álfarnir koma á kreik,
ég koma skal við þig í fagran leik.
Ég marglit blóm hef og margskyns gull,
af mætum gripum er höll mín full“.



„Æ, faðir minn, faðir minn, heyrirðu‘ei, hvað
mér hvíslar álfakóngurinn að?“
„Ver svolítið rólegur, sonur minn,
í sefinu þýtur vindurinn“.

„Ég dætur mínar læt þjóna þér,
ef þú vilt, barn mitt, koma með mér;
þær dætur mínar þér dilla kátt
og dansa og syngja um myrka nátt“.

„Æ, sko, minn faðir, í skugganum þar;
þær skínandi huldumeyjarnar“.
„Þú, son minn góði, ég sé það vel,
sér þú þar aðeins hin gráu el“.

„Ég elska þig, barn mitt, svo afarheitt,
ef ei þú kemur, skal valdi beitt“.
„Æ, faðir minn, faðir, mig frelsa þú,
ég finn, hve kippir hann í mig nú“.

Þá geigur fór um hinn gamla hal,
og geyst hann reið yfir mörk og dal.
Hann heim með naumindum náði þá;
þá nár í faðmi hans barnið lá.

V. Br. þýddi.

Æ.6.1924, bls.45

Goethe er talinn frægasta skáld þýsku þjóðarinnar, og í röð hinna allra fremstu snillinga, sem uppi hafa verið. Hann var orðinn fulltíða maður þegar Bjarni Thorarensen fæddist, en naut lífsins í óvenjulega ríkum mæli, dó fjörgamall maður en þó ern. Í Goethe voru sameinaðir margskonar yfirburðir. Hann var kominn af góðu fólki, fékk ágætt uppeldi, var glæsímenni á velli og í einu friður og tígulegur. Hann gerði ljóð, leikrit og skáldsögur og var afbragð á öllum þessum sviðum. Hann var listfræðingur mikill, og náttúrufræðingur og gerði þar á vissum sviðum merkilegar uppgötvanir. Þjóðverjar telja að vonum Goethe sinn höfuðsnilling og segja, að öll menning fortíðar hafi verið honum runnin í merg og bein.

Draumar Stefáns Halldórssonar

Hlöðum í Hörgárdal

1. Formálsorð.

Ég ætla nú að láta verða af því að senda ykkur drauminn sem mig dreymdi fyrir nokkrum árum og skrifaði niður. Það hefur alltaf verið ætlunin að senda ykkur þetta, en bara ekki komizt í verk fyrr.

Tvo fyrstu draumana hefi ég ekki dagsett er ég skráði þá, en mig mun hafa dreymt þá fyrir 3–4 árum. Þeir eru báðir stuttir en mjög skýrir og eru mér enn í fersku mini. Þriðji draumurinn var, að mér fannst, langur en þó mundi ég hann vel er ég vaknaði og skrifaði hann þá strax niður. Annars er það langoftast svo, að mér gengur afar illa að muna drauma mína í samhengi, þannig að þótt ég ætli strax eftir á, að festa þá á blað þá tekst það ekki, eitthvað dettur úr svo að mér finnst að draumurinn verði, við svo búíð, markleysa tóm. Á þó örfáa drauma slíka niðurskrifaða og e. t. v. sendi ég ykkur þá seinna. Oft dreymir mig kunnugt umhverfi út vöku, en þegar nánar er að gætt, eftir á, er alltaf eitthvað öðruvísi. Landslag er í stórum dráttum svipað en stundum vantar eitthvað, eða einhverju er of- aukið, afstaða til einkenna bæði náttúrulegra, svo og húsa og annarra mannvirkja, er ekki sú sama og í vöku. Þá er stundum eins og „teygist“ úr landslagi, þ. e. landslag er það sama og í vöku en vegalengdir og fjarlægðarskyn annað.

Mig dreymir því oftast til staða, sem minna mig á, að meira eða minna leyti, umhverfi úr vöku, en samsvörunin er misjafnlega mikil. Þá dreymir mig einnig oftast störf og athafnir samsvarandi vökuvitundinni. Þetta virðist vera regla, sem á sér að vísu undantekningar, og kemur þetta, að líkindum, sæmilega heim við stililögmálið, en þá virðist sem umhverfi og athafnir séu meiri og afgerandi stilli- hvatir, en fólkið sem maður umgengst.

30. apríl 1984.

Þá koma hér draumarnir:

2. Draumur um stjörnusprengingu.

I.

Ég er staddur úti við og var dimmt að nóttu til, eða að kvöldi, gott veður og stillt, fremur kalt, heiðskír himinn. Einhverjir menn fleiri voru hjá mér staddir og gaf ég þeim engan gaum. Umhverfi allt svo og stjörnuhimininn var mér kunnugt í draumnum.

Ég horfði til norðurs og sá þar tvö stjörnumerki hlið við hlið, á að gizka 20–30 gráður neðan við hvirfilpunkt. Annað var mjög líkt Svaninum og hitt var sem hesthaus að sjá. Hétu þau Svanur og Hestur í huga draumgjafa míns. Bæði voru merki þessi skýr og stjörnur þær, sem mynduðu þau greinilegar. Hesturinn var vestar á himni. Allt í einu sáust ljós- eða eldský þenjast út til beggja handa frá miðju, líkt og risastórir vængir, og með óskaplegum hraða, en í miðju sá ég litla rauðleita stjörnu sem hrapaði, eða öllu heldur seig niður á við. Var sýndarhraði hennar svo lítill að hann líktist ekkert stjörnuhrapi. Var sem stjarnan fjarlægðist og minnkaði því, en stærð hennar í byrjun var álíka og reikistjörnunnar Marz þegar hún sést bezt. Draumurinn varð ekki lengri.

II.

Er ég fór að hugleiða drauminn þá þykir mér sem draumgjafi minn hafi ekki verið á þessum hnetti, þar sem þessi stjörnumerki, er ég sá í draumnum, sáust og afstaða þeirra mun ekki fyrir hendi á okkar himni.

Þá tel ég mig í draumnum hafa séð stjörnusprengingu (súpernovu) svo nálæga að með ólíkindum má teljast. Héðan frá jörðu mundi slík sprenging aðeins sjást sem mjög skær stjarna.

Það er hinsvegar ofar mínum skilningi hverskonar fyrirbæri rauða stjarnan var og þá sérstaklega hin sýnilega hreyfing hennar. Átti hún ekkert skylt við möndulsnúning hnattar þess er fyrirbærið var séð frá, því að aðrar stjörnur voru í kyrrstöðu þaðan séð.

3. Draumur um styrjöld og tortímingu.

Ég var staddur hjá fleira fólki úti á víðavangi í hóp. Vissum við að kjarnorkustríð var skolið á og sáum kjarnorkusprengingu í fjarska. Þar var voðalegt eldhaf mökkur sem sté til himins og eld- og reykscopy breiddust í allar áttir. Þar sem við stóðum var gufuslæðingur með jörðu ekki ósvipað og á hverasvæði og glitti í polla með einhverri brák á, hér og þar, enginn gróður var sjáanlegur og þótti mér allt umhverfi vera eiturmngað, bæði jörð, loft og vatn. Ég fann að fólkíð var óttaslegið, þótt enginn léti það berlega í ljósi. Var eins og menn hefðu búizt við þessu og vissu um leið að þetta mundi vera endir alls lífs á þessari jörð, en endalokin mundu þó ekki verða snögg heldur tækju þau einhvern tíma. Ég skynjaði þetta álit manna í draumnum, en ekkert orð var sagt. Draumurinn var stuttur, en óhugnanlegur.

Ég tel engum vafa bundið að draumgjafi minn hafi verið á annarri jörð og íbúi hnattar þar sem þessir voðahlutir gerðust.

4. Undarlegar stjörnur og geislanet á himni.

Dreynt aðfaranótt 2. marz 1970.

Mér þótti ég vera staddur ásamt öðrum manni á túni hér sunnan við bæinn.* Þetta var síðla sumars eða að hausti. Vorum við að hirða heydreifar. Komið var fram á kvöld og aðeins farið að húma, en hefði þó, að mér fannst, átt að vera orðið meira rokkið miðað við árstíma. Himinn var heiðskír og sást aragrúi af stjörnum og voru þær mikið þéttari á himni en nokkru sinni sést hér frá jörð. Einnig voru þær töluvert nær.

Við vorum þarna með dráttarvél með vagni aftan í og gekk vélin hljóðlaust. Stóð ég uppi í vagninum og verður mér þá allt í einu litið til lofts og blasti þá við furðuleg sýn. Stjörnurnar höfðu skyndilega þanizt út og voru nú, á að gizka, eins og tungl í fyllingu. Út frá hverjum þessum hnetti gengu ljósrákir og mættust þannig að net myndaðist yfir allan himininn, svo langt sem eygði.

* Hlöðum, Hörgárdal.

Gerði þetta ýmist að dragast saman eða þenjast út um nokkra stund. Síðan varð allt eðlilegt á ný, en að stundu liðinni endurtók þetta sig. Þetta var tilkomumikil sjón en um leið eins og hálfpartinn ógnvekjandi. Mikið birti af þessum ljósagangi til loftsins, en ótrúlega litlu munaði á birtustigi á jörðu niðri. Var líkast sem birtunni geislaði fyrst og fremst til lofts. Okkur brá allmikið við þessa sýn og ræddum við um hana eins og slíkt hefði borið við áður og vissi þá á mikil tíðindi og ill, og í huga okkar var þetta tákn eða fyrirboði.

Mig hélt nú áfram að dreyma sama umhverfi og ýmis störf í sambandi við búskap. Voru þau að ýmsu ólík því sem nú gerist. Bæjarhúsin og hús öll voru úr torfi og grjóti eins og var hér snemma á öldinni. Þá voru bæði verk og aðrar aðstæður á frumstæðara stigi en gerist í dag. Ekki ber þessa loftskýn fyrir aftur.

5. Skyggni í draumi.

Síðasta minnisstæða atvikið í draumnum var það að ég þóttist vakna um nótt í rúmi mínu undir súð í baðstofu og var þá veðrahvinur á húsum og leit ég út um glugga á þekjunni og sá að komið var hríðarveður af norðri og stóð veðrið inneftir dalnum. Kom mér þá í hug að úti væru nautgripir, sem koma þyrfti í hús og þóttist sjá þá hama sig í hríðarkófi á bökkum neðan við bæinn og var þar að sjálf-sögðu um einhverskonar „skyggni“ að ræða, því að bæði var ég staddur inni í bænum og þar að auki bar leiti á milli þar sem ég taldi mig sjá gripina. Í þessu verður mér hugsað til loftskýnarinnar og fóru þá um mig ónot og fannst mér að hún hefði verið fyrirboði einhvers, sem nú mundi koma fram. Draumurinn varð svo ekki lengri, enda var nú kominn morgun og ég vaknaði. Skrifaði ég drauminn strax áður en ég fór út til verka.

6. Draumur um mörg tungl á lofti.

Rétt er að geta þess að er ég var að skrifa upp drauminn, rifjaðist glögglega upp fyrir mér sýn nokkuð hliðstæð þeirri er ég sá í draumnum, en þó skýranlegri. Hlýtur þá

sýn að hafa borið fyrir mig í draumi einhverntíma og var hún á þessa leið: Ég var staddur úti að nóttu til. Snjófól var á jörðu og mjög skær birta af norðurljósum. Þá renna upp á himininn allmörg tungl, öll í fyllingu og varð af þeim mikil birta til loftis, en mikið minni á jörðu niðri en búast hefði mátt við. Þessir hnettir fóru yfir himininn frá suðaustri til norðvesturs og með sjáanlegum hraða líkt og möndulsnúningur jarðar væri til muna hraðari en hann er, eins og við á þessum hnetti þekkjum. Þessi endurminning kom mjög skýrt fram í huga mér er ég skrásetti drauminn.

7. Skýringar framansagðra drauma.

Margt er einkennilegt og jafnvel mótsagnakennt við þennan draum. Það er, í fyrsta lagi loftskýrnin þ. e. a. s. stjörnur sem allt í einu mynda ljósanetið. Ég ætla ekki að reyna að skýra það fyrirbæri og mér finnst það raunar óskýranlegt og ef umræða mín (þ. e. draumgjafa míns) og mannsins, sem með mér var í draumnum, hefði ekki verið jafn alvörubrúngin og hún var, hefði ég haldið að draumgjafi minn hefði þjáðst af ofskynjunum. Hinn draumurinn sem vaktist upp í huga mér, sem áður segir um tunglin, er hinsvegar skýranlegur.

Þá eru andstæðurnar í draumnum. Húsin eru afar frumstæð, eða úr torfi og grjóti og það hvarflar ekki að mér í draumnum neitt óeðlilegt við það. Hinsvegar er véltækni það mikil að til eru dráttarvélar og ganga þar að auki hljóðlaust, vafalaust fyrir rafmagnshleðslu. Hinsvegar engin rafljós eða önnur hjálpartæki drifin rafmagni. Í þriðja lagi virðist draumgjafi minn hafa verið „skyggn“ sbr. að hann sér nautgripina innan úr bænum sem er lokaður að öðru leyti en því að gluggi er á þekju. Í fjórða lagi er undarlegt að birtuna frá ljósanetinu (og reyndar tunglum í hinum draumnum) skuli bera mest til loftis, en ekki niður til jarðar – eða minna þangað –. Þá var draumurinn óvenju langur, mér fannst hann standa alla nóttina, og var samhangandi atburðakeðja í sama umhverfi.

*Stefán Halldórsson,
Hlöðum, Hörgárdal.*

Sambandstal í einrúmi 3.6. 1972

Snorri Sturluson, sæll og blessaður vinur.

Mun ég reyna að segja nokkur orð, og er ánægjulegt að geta náð enn sambandi við þig. Ég er í stjórnum sambandsstöð og með mér mjög margir nú. Mun nú ekki alveg vera möguleiki til að láta þig taka við vitneskju en áreiðanlega tekst það síðar og furðulega áreiðanlega. Sólhverfi það sem ég á heima í er mjög merkilegt og mjög eru það furðuleg sambönd, sem eru á milli stjarna í sólhverfi þessu. Og furðulegt er það nú hvað samband þetta er vaxandi, og ákaflega er það stórkostlegt líf og fagurt. Það eru byggðir hnettir í því sólhverfi, lífstjörnur nokkrar. Þeir eru hnettir þessir byggðir mönnum og furðuleg samstilling milli stjarna, og mannkynin þessi meira og minna ein lífheild. Sólhverfi þetta, sem ég á heima í, er í vetrarbraut þeirri sömu og þitt sólhverfi og langt á milli þeirra. Vissulega þó ekki ómögulegt að hafa samband þó fjarlægðin sé mikil. Sumar munu þar vitverur vera í þessari vetrarbraut er ákaflega mjög eru öflugar og langt komnar á framfaraleið.

Tilraunir gera þar vitverur miklar til að hjálpa öðrum sem eru skemmra komnir. Slík guðleg hjálp nær ekki að koma fram nema einhver skilningur sé fyrir hendi og samstilling til að veita henni viðtöku.

Kraftur lífsins veitir hverjum einstaklingi möguleika á að þroskast að hugsun og góðleika á mjög furðulegan og merkilegan hátt, sem ekki virðist neinn endir á þegar rétt er lifað. Slíkur þroski einstaklingsins sem er afleiðing rétttrar stefnu er nauðsynlegur til þess að framför takist nægileg. Er nú eigi auðvelt að koma hugsun minni greinilega við, og er ég að hætta, og þakka að sinni, vertu sæll.

Sveinn Haraldsson,

3. júní 1972.

(Rituð hver setning jafnóðum).

Sambandstal í einrúmi

Einar Kvaran, sæll.

Já, vinur, það er Einar Kvaran að hugsa til þín. Það er merkilegt hvernig sambandið næst við þig.

Hvernig það er með ykkar sambandsfundi, er ekki alls-kostar góður samhugur ennþá.

Okkar hnöttur hér er mjög stór og yfir öllu mjög fagurt.

Og munu sumir hér talsvert orðnir öflugir. Það er ekkert veikinda eða sjúkdómsból við að stríða.

Hér er enginn öðruvísi en sterkur og öflugur og allir eins og lífskrafturinn streymi af þeim.

Ég er mjög ánægður með lífið og alla sem ég hefi nokkur kynni af. Það er ekkert hér til að spilla eða valda fjandskap eða illindum.

Það er enginn hér sem ekki gerir sitt til að auka velvild og allan góðhug. Það er merkilegt hér hvað allir eiga auðvelt með að skynja annars hug.

Þá er enginn maður sem vandar ekki hugarfar sitt.

Það er ekkert vafamál að lífið heldur áfram og að það er ekki utan náttúrunnar, lífið á sér ekki annan stað en stjörnu-urnar. Þær eru margar þar stjörnur sem ég hef haft tök á að skynja, og margt um þær fræðst.

Hugsanasamböndin og sambandsmöguleikar lífsins stórkostlegir.

Ekki neinir örðugleikar á lífsamböndum á stjörnu þessari. Innan vetrarbrautar þessarar eru ýmsar stjörnur þar sem orðin er óumræðilega furðuleg magnan. Sólskin er í hugum allra og heiðríkja þar, er allir eru ein heild.

Þær munu vera stórkostlega mjög fagrar þær stjörnur og allir er eiga þaran heima mjög öflugir.

Þar er lífið á framfaraleið og enginn sem ekki skilur tilgang lífsins. Þær lífstjörnur eru margar í vetrarbraut þessari sem komnar eru á framfaraleið, en ekki allar.

Það er mikið atriði að líforka sé nægileg og vaxandi, ef á rétta leið á að verða unnt að komast.

Nú, hvað ég get talað fleira við þig – og verður það

vonandi, að ég geti haft aftur samband við þig og talað meira innan skamms. Vertu sæll.

*Sveinn Haraldsson,
31. mars 1972.*

(Skráði jafnóðum hverja setningu).

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: David Hume.

Já, hér eru skýrleiksmenn á Íslandi. Mikið þykir mér vænt um að ná hér sambandi við fund ykkar með þessum hætti, sem slíkt fjarsamband er hnatta á milli. En mitt verk er í miklum atriðum byggt á viðleitni til beitingar skynseminnar, þó ekki hafi mér nú auðnast sem skyldi, að átta mig á undirstöðuatríðum tilveru manns og náttúru.

Ekki þarf ég að taka fram það vansmíði á kenningum mínum, hvað fráleitast er, þar sem talið er með miklum ólíkindum, að nokkurt vitundarlíf taki við eftir dauðann. Sú leiðrétting er nauðsynleg á kenningum mínum heimspekilegs eðlis.

Þ. G.: Ert þú David Hume?

Áreiðanlega er það nú svo, sem þér hefur komið til hugar, svo er mitt nafn rétt nefnt.

Jæja, vildi nú nota tækifærið að láta til mín heyra þeirra á meðal, sem rétt nefndir eru heimspekingar íslenskir.

Þ. G.: Heldur þú, að það fari kannski að rætast úr þessum fylgismönnum þínum, þó þeir byggi nú á öðrum grunni?

Ekki geri ég mér nú sérstakar vonir um það í brád, (að) breyting verði þar svo mikil. Þeir þurfa að tileinka sér hina íslensku heimspeki og átta sig á því, sem á vantaði hjá mér sérstaklega í mínum heimspekihugmyndum, þessi kenning um, að framlíf sé frá skynsemisjónarmiði óhugsandi, er auðvitað fjarstæða.

Þ. G.: Hefur þér ekki orðið skapraun að því á þessum síðari tímum, hvernig kenning þín hefur orðið til að ýta undir ýmsan misskilning?

Vissulega þykir mér það stórlega miður að hafa orðið á að koma fram með svo ranga hugmynd sem þetta er. En það verður að rekja til ónógrar skynsemi og skorts á þekkingu á eðli hugans og meðvitundarinnar.

Mjög fjarri fer því, (að) meðvitundin hafi verið nægilega rannsökuð af heimspekingum liðinna alda. En þar er undantekning, rannsóknir íslensks heimspekings, sem varpa óvæntu ljósi á eðli lífsins.

Vildi ég nú auðvitað helst, (að) sú leiðrétting kæmi fram þar sem hennar er mest þörf. En það er erfitt, veit ég, (að) koma því við, þeirri leiðréttingu, sem ég hef drepit hér á. Sérstakt hugarfar þarf til að leiðrétta það, sem er villandi og rangt. En það er stórlega villandi þetta, að ekki sé framlíf mögulegt. Vit mannsins er fjærst guðlegri visku, þegar hafnað er ævarandi þroskabraut mannsins að jarðlífi loknu í framlífi.

Ég læt nú þetta nægja. Þakka fyrir. Verið sæl.

Gunnar Hjörvar
ritaði eftir segulbandsupptöku
1984, ágúst/sept.

Fyrir miðilsmunn

Óþekktur maður, framhald.

En nú hefir, þrátt fyrir allt, hið ótrúlega gerst, að tekist hefur að stuðla að því, að sannleikurinn (hefir náð fram).

Ég hefi nú verið all stírmæltur og ekki vert að þreyta ykkur með þessu tali lengur.

Ég þakka nú fyrir.

Verið sælir.

15.11.1982.
Gunnar Hjörvar.
(Ritaði eftir segulbandsupptöku).

Til lesenda Lífgeisla

Með þessu fyrsta hefti Lífgeisla á árinu 1984, óskum við öllum lesendum ritsins heilbrigðis og farsældar á nýbyrjuðu ári.

Óskum við enn eftir, að sem flestir leggi hönd á plóginn, að afla ritinu sem flestra **nýrra áskrifenda**. Undir fjölda þeirra og skilvísi er útgáfa þess komin.

Reynt verður að gera ritið sem best úr garði, bæði hvað útlit og innihald snertir.

Við mælumst einnig til þess eindregið að lesendur og aðrir velunnarar sendi okkur **efni** til birtingar.

Áskriftargjald: Ekki verður hjá því komist að hækka enn lítillega árgjald ritsins fyrir þetta ár, 1984, og verður það nú kr. 350,00 og vonumst við eftir að ekki valdi það of miklum erfiðleikum til framhalds áskriftar.

Eins og áður verður ritið samt sent ókeypis þeim sem óska vegna fjárskorts og biðjum við þá um að verða látnir vita.

Myndir: Í Lífgeislum hefur að jafnaði ekki verið margt um myndir. Aðaláhersla hefur verið lögð á hið ritaða orð, enda er það megintilgangur ritsins að flytja það efni og ræða þann skilning á tilverunni, sem aðstandendur þess vita réttastan.

Á þessu nýbyrjaða ári mun verða reynt, að auka **myndefni** ritsins, bæði í sambandi við efni ýmissa greina, sem í ritinu birtast, en einnig þannig, að sjálfstæðar **mynda-syrpur** verði á síðum þess við og við eftir ástæðum. Mun þar einkum verða um stjarnfræðilegar myndir að ræða með stuttum skýringum, enda teljum við, sem að ritinu stöndum að stjörnufræði og stjörnulíffræði (þ. e. skilningurinn á eðli og sambandi lífsins í alheimi) standi í mjög nánnum tengslum hvort við annað.

Fróðlegt þætti okkur að heyra álit lesenda á því, hvort þeir telji aukningu myndefnis einhverju máli skipta. Allar tillögur verða þegnar með þökkum (Skrifað í ársbyrjun, en prentun hefur seinkað).

*Fyrir hönd ritstjórnar,
Ingvar Agnarsson.*

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Jarðstjarnan Satúrnus og nokkur af tunglum hennar (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls.	2
Líf í alheimi. – Jarðarskin. 1. grein. Dr. Þór Jakobsson	–	3
Vikið að efni Lífgeislahefta. Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.	–	6
Um vistaskipti milli framlífshnatta. Ingvar Agnarsson.	–	9
Stuðningur góðra vina. Þorsteinn Guðjónsson.	–	19

LJÓÐ:

Álfakóngurinn eftir Goethe. Þýtt af V. Br. (með mynd).	–	24
---	---	----

DRAUMAR:

Draumar Stefáns Halldórssonar á Hlöðum. .	–	26
---	---	----

SAMBANDSFUNDIR:

Sambandstal í einrúmi. Sveinn Haraldsson. .	–	137
Snorri Sturluson. – Einar Kvaran.		

Fyrir miðilsmunn. Gunnar Hjörvar ritaði. ..	–	33
David Hume. Óþekktur maður.		

Til lesenda Lífgeisla	–	35
-----------------------------	---	----

MYR:

Spekimál úr ljóðum Einars Benediktssonar .	–	5
--	---	---